

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 20/1999
frá 26. febrúar 1999

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 105/98 frá 30. október 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 97/11/EB frá 3. mars 1997 um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um
mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila
kunna að hafa á umhverfið⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 85/337/EBE) í XX. viðauka við
samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 L 0011:** Tilskipun ráðsins 97/11/EB frá 3. mars 1997 (Stjtið. EB L 73,
14.3.1997, bls. 5).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 36.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 73, 14.3.1997, bls. 5.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 97/11/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner